



Hornafjarðarhöfn
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Hornafirði, 10. desember 2021
nr. erindis 202111010

Málefni: Framkvæmdaleyfi dýpkun Grynnslum

Nafn framkvæmdaraðila: Hornafjarðarhöfn/Vegagerðin.

Staðsetning framkvæmdar:

Við Hornafjarðarós yfir Grynnsli.

Umfang framkvæmdar: Dýpka á um 80 m breiða og um 240 m langa rennu í -8,0 m dýpi þvert yfir Grynnslin, samanber meðfylgjandi teikningu. Áætlað magn í dýpkuninni er um 30.000 m³.

Samantekt yfir lýsingu og frágangi framkvæmdar:

Gert er ráð fyrir að losunarsvæði fyrir dýpkunarefni verði á um 12 til 14 m dýpi utan við Grynnslin, um 150 m á kant og að miðja þess verði í hnitunum 15°09'54''V og 64°13'18''N, samanber meðfylgjandi afrit af sjókorti nr. 810 frá Sjómælingum Íslands. Þar hefur áður verði losað efni úr dýpkun, síðast 2015.

Eftirlitsaðili framkvæmdar:

Umhverfis- og skipulagsstjóri Hornafjarðar fer með eftirlit fyrir hönd sveitarfélagsins Hornafjarðar en er heimilt að ráða til þess sérstakan eftirlitsaðila.

Skilyrði framkvæmdar:

- Umhverfis- og skipulagsstjóri verði upplýstur þegar framkvæmdir hefjast.
- Umhverfis- og skipulagsstjóri verði boðaður á framkvæmdasvæði við lok framkvæmda.
- Að samráð sé haft við leyfisveitanda ef nokkrar breytingar verð á framkvæmdinni.
- Farið verði að skilmálum Umhverfisstofnunar vegna varps í hafið.

Framkvæmd þessi skal vera í samræmi við:

- Framkvæmdaleyfi vegna dýpkunar á Grynnslum



- Reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012
- Skipulagslög nr. 123/2010
- Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030
- Framlögð gögn vegna framkvæmdaleyfisumsóknar:
 - Ósk um framkvæmdaleyfi, dags. 18.02.2021.
 - Gögn með umsókn um framkvæmdaleyfi,
 - Leyfi Umhverfisstofnunar vegna varps í hafið vegna dýpkunar á Grynnslnum utan við Hornafjarðarós, dags. 18.11.2021.
 - Teikning B8796 Grynnslin dýpkun
 - Kort sem sýnir staðsetningu losunarsvæðis.

Útgáfa framkvæmdaleyfis:

Framkvæmdaleyfi er gefið út með fyrirvara um að upplýsingar berist um þá hluti sem sem tilgreindir eru hér að ofan.

Framkvæmdaleyfið er gefið út skv. 13. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 og var samþykkt í bæjarstjórn þann 11. nóvember 2021. Framkvæmdin hefur fengið málsmeðferð skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga þar sem hún var kynnt fyrir Vegagerðinni og Umhverfisstofnun.

Dagsetning samþykktar leyfisveitenda á framkvæmdaleyfi var 11. nóvember 2021 og rennur framkvæmdaleyfið út þann 11. nóvember 2022 sé framkvæmd ekki hafin.

Vakin er athygli á að framkvæmdaleyfi á að vera til staðar á framkvæmdastað og eftirlitsaðili getur kallað eftir leyfi við eftirlit.

Einnig er vakin athygli á að framkvæmdaleyfi er kæránlegt til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Gjald fyrir framkvæmdaleyfi er 90.000 kr.

Virðingarfyllt

Brynja Dögg Ingólfssdóttir
umhverfis- og skipulagsstjóri
Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Brynja Dögg Ingólfisdóttir